

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XIX. viðauka við EES-samninginn (Neytendavernd)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB, 2005/29/EB og 2011/83/ESB að því er varðar betri framfylgd og nútíma-væðingu reglna Sambandsins um neytendavernd ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XIX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB) og lið 7g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB):

„, breytt með:

– **32019 L 2161:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 7).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7a (tilskipun ráðsins 93/13/EBE) og lið 7i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB):

„– **32019 L 2161:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2019/2161, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.